

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ		Efni fundar 101. stjórnarfundur haldinn 12. október 2016 í Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri	Síða 1 af 2
Dags. fundar 12. okt. 2016	Tími 10:30	Staður Kirkjubæjarstofa	Nr. Fundar 101
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir		Dags. ritunar 12.10.16
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Snorri Ingimarsson, Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir (frá kl. 13:45), Vilhjálmur Árnason (frá 14:15)			
Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll Guðrún Á. Jónsdóttir og Guðmundur Hörður Guðmundsson			

Dagskrá: **DAGSKRÁ:**

1. Samþykki dagskrár
2. Fundargerðir svæðisráða
3. Reglur fyrir stjórn – *staða*
4. Starfsmannaráðningar, fjármálastjóri og bókarí - *staða*
5. Gestastofa á Kirkjubæjarsklausri - *staða*
6. Rekstur og framkvæmdir
7. Ný reglugerð á grunni nýsamþykkrara laga VJþ - *vinna*
8. Gjaldtaka á grunni nýrra laga. Innlegg frá svæðisráði suður
9. Unesco – vottun - *staða*
8. Önnur mál
 - a. Vonarskarð
 - b. Samstarf við Ferðafélag Íslands
9. Næsti stjórnarfundur

1. Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Framlögð dagskrá var samþykkt.
2. Fundargerðir svæðisráða.

Formaður svæðisráðs á suðursvæði fór yfir fundargerð frá 47. fundi frá 29. september. Umræða um gjaldtöku verður tekin undir lið 9. Umræður um bókun svæðisráðs um þyrluflug. Formaður og framkvæmdastjóri munu óska eftir fundi með Ísavía vegna þyrluflugs.

Stefnt er að fundi með landeigendum á suðursvæði í tengslum við næsta stjórnarfund, sem fyrirhugaður er á Höfn.

Formaður svæðisráðs á norðursvæði fór yfir fundargerð frá 42. fundi frá 28. september. Formaður ræddi heilsársopnun í gestastofu í Ásbyrgi. Ljóst er að af opnunin mun verða kostnaðaraukning, sem taka þarf tillit til við gerð fjárlaga. Stjórn samþykkir heilsársopnun, gegn því að kostnaðaraukningin verði tryggð í fjárlögum.

Formaður norðursvæðis ræddi þá stöðu að Skógrækt ríkis er eigandi jarðarinnar Ásbyrgis og bókun svæðisráðs þess efnis, að stjórn gangi til viðræðna við Skógrækt ríkisins og

umhverfissráðuneytið um umráð yfir jörðinni. Stjórn tekur undir bókun norðursvæðis og felur formanni og framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir.

Formaður norðursvæðis kynnti að sumarbúðir við Ástjörn hafa óskað eftir nýjum leigusamningi. Stjórn felur framkvæmdastjóra og Birni Inga Jónssyni að vinna með þjóðgarðsverði norðursvæðis og fara í viðræður við núverandi leiguhafa

3. Reglur stjórnar. Formaður kynnti vinnu við reglur stjórnar og munu formaður og framkvæmdastjóri leggja fram drög að reglum á næsta stjórnarfundum.
4. Starfsmannaráðningar, fjármálastjóri og bókarari. Formaður kynnti stöðuna í ráðningarmálum. Mikill áhugi var fyrir störfum hjá þjóðgarðinum.
5. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri. Frestað þar til síðar á fundinum.
6. Rekstur og framkvæmdir. Frestað til næsta fundar.

Framkvæmdastjóra falið að leggja fram almennt yfirlit yfir framkvæmdir og rekstur á yfirstandandi rekstrarári.

7. Ný reglugerð á grunni nýsamþykktra laga. Endurskoða þarf reglugerðir í tengslum við ný lög. Stjórn felur formanni að óska eftir drögum að nýjum reglugerðum frá umhverfissráðuneytinu.

Fundarhlé frá 12:15 til 13:15

8. Gjaldtaka á grunni nýrra laga. Formaður svæðisráðs á suðursvæði gerði grein fyrir umræðum á fundi svæðisráðs á suðursvæði um gjaldtöku.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir mætir til fundar kl. 13:45

Umræður innan stjórnar um hvaða frumforsendur leggja eigi til grundvallar í tengslum við samninga um atvinnustarfsemi inni í þjóðgarðinum. Stjórn vísar til svæðisráða að ræða gjaldtöku á grunni nýrra laga. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að fá lögfræðialit á þeim hugmyndum sem fram hafa komið. Stefnt er að því að gjaldtaka á grunni nýrra laga taki í síðasta lagi gildi frá áramótum.

Vilhjálmur Árnason mætir til fundar kl. 14:15.

9. UNESCO vottun. Ákveðið hefur verið í samráði við ríkisstjórn Íslands að Vatnajökulsþjóðgarður verði tilnefndur á heimsminjaskrá UNESCO eigi síðar en 2018. Stjórn fagnar þessum áfanga í málinu.
10. Liður 5 frá þessum fundi – Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri. Formaður svæðisráðs á vestursvæði gerði grein fyrir stöðu málsins.

11. Önnur mál:

- a. Vonarskarð. Við staðfestingu umhverfissráðherra á Stjórnun og verndaráætlun 12.júlí 2013 voru tilmæli til stjórnar þjóðgarðsins um að leita leiða til þess að skapa sátt um þetta svæði innan þjóðgarðsins m.t.t. hestaumferðar, bílaumferðar og umferð reiðhjóla. Jafnframt hvort hækka skuli verndargildi hverasvæðis í Snapadal. Stjórn fór í skoðunarferð í Vonarskarð 9.ágúst sl. Fulltrúi Samút kynnti hugmynd að ökuleið austan Köldukvíslar. Markmiðið með leiðinni væri að opna svæðið fyrir umferð, en jafnframt væri leiðin fjarri viðkvæmum svæðum s.s. Snapadal. Stjórn

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar



óskar eftir að formlegt erindi komi frá fulltrúa útivistarsamtaka til stjórnar með þessari tillögu.

- b. Samstarf við Ferðafélag Íslands. Formaður austursvæðis spurði um stöðu gerðar langtímasamnings við Ferðafélags Íslands. Samningaviðræður eru ekki hafnar að nýju, en munu væntanlega hefjast fyrir áramót.
- c. Næsti fundur verður á Höfn í Hornafirði 2. og 3. Nóvember 2016

Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			